



Sjálf sjólögnin liggur nú að hluta meðfram veginum út Elínarhöfða á Akranesi. Hún liggur svo áfram út í sjó frá fjörinni í Höfðavík.



Í fjörinni í Höfðavík er nú unnið að því að festa steinsteypa klossa á leiðsluna sem eiga að halda henni á hafsbotni. Auk þessa veður leiðslan grafin niður að hluta en einnig fest með akkerum sem fest verða við botninn.

Fráveituf framkvæmdir í fullum gangi á Akranesi

Næst verður ráðist í framkvæmdir í Borgarnesi og hreinsistöðvarnar gangsettar fyrir lok 2016

Nú í sumar hefur Orkuveita Reykjavíkur staðið fyrir vinnu við fráveitu á skólpi frá Akranesi. Verið er að ganga frá sjólögn sem liggur frá hreinsunarstöð út í sjó auk fleiri þátta. Áður var búið að vinna svipaðar framkvæmdir á Kjalarnesi. Snemma næsta vor verður röðin síðan komin að Borgarnesi. Árni Geir Sveinsson er staðarstjóri verktakafyrirtækisins Ístak á Vesturlandi sem er helsti verktaki framkvæmdanna fyrir Orkuveituna. „Það voru byggðar hreinsistöðvar hér á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi á árunum 2008 og 2009. Hér á Akranesi var líka unnið í að endurbæta allar lagnir, bæði þrýstilagnir og frárennislagnir. Á þessum árum byggðum við líka dælustöðvar við Leyni, hér á Ægisbraut og við Faxabraut rétt hjá höfninni,“ segir Árni Geir þar sem blaðamaður Skessuhorns hitti hann á vinnusvæðinu við Ægisbraut á Akranesi.

Þessar miklu frárennislisframkvæmdir á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi stöðvuðust hins vegar í efnahagshruninu sem skall á af þunga haustið 2008. Þá lenti Orkuveitan eins og kunnugt er í miklum fjárhagsörðugleikum. „Það má segja að allt kerfið hér á Akranesi



Árni Geir Sveinsson staðarstjóri Ístak með hreinsistöðina við Ægisbraut á Akranesi í baksýn.

hafi verið gert klárt og hafi staðið tilbúið í ein fimm ár, nema fjórða og síðasta dælustöðin sem átti eftir að setja niður neðanjarðar á bökk-

um Krókalóns við Vesturgötu. Þar töfðust málin vegna deilna við lóðareigendur og Akranesbær þurfti að fara í málarekstur sem sneri að eignarnámi. Það er búið að leysa þau mál núna,“ segir Árni.

Þrýstitankur og sjólögn

Að sögn Árna var þráður tekinn upp að nýju í að ganga frá fráveitumálum á Akranesi um miðjan júní. Nú í sumar er unnið að því að ganga frá kerfinu sem á að skila frárennslinu frá hreinsistöðinni og út í sjó. „Það var hafist handa við að byggja svokallaðan þrýstitank hér í fjöruborðinu við Esjubraut og Ægisbraut, skammt frá sjálfri hreinsistöðinni. Þetta er steinsteypur tankur, traustur og með þykkum veggjum. Hann

er niðurgrafinn og verður undir sjávarmáli. Þar verður settur tveggja bara þrýstingur á það efni sem kemur frá hreinsistöðinni áður en því er svo dælt gegnum sjólögn til hafs. Síðan hafa menn frá Köfunarþjónustunni verið að setja saman sjálfa sjólögnina. Það gera þeir úti í Elínarhöfða,“ útskýrir Árni.

Krefjandi aðstæður við Kalmansvík

Sjálf sjólögnin er bæði löng og mikil. „Hún verður alls um einn og hálfur kílómetur að lengd. Hún er úr plasti og þvermál hennar er 650 millimetrar. Hún á að liggja héðan frá þrýstitankinum og út í sjó. Fyrst er hún til norðurs en svo sveigir hún í vestrátt. Þessi lögn

er ákveðin verkfræðileg áskorun. Það er bæði flókið og krefjandi að koma henni fyrir og ganga frá henni með tryggilegum hætti. Hér fyrir utan Kalmansvíkina og framan við Ægisbraut er töluvert af neðansjárskerjum og það þarf að sveigja lögnina framhjá þeim. Þetta er erfitt og krefjandi svæði. Endi lagnarinnar verður á 18 til 19 metra dýpi. Hér næst landi gröfum við lögnina niður í sjávarbotninn. Það verður grafinn um 600 metra langur skurður frá fjöruborðinu og út. Lögnin fer ofan í hann og síðan verður efni sturtað yfir hana og hún þannig hulin. Fyrr í sumar var búið að grafa um 200 metra langan skurð frá landi. Við nánari athugun þar sem meðal annars var litið betur á straumaskilyrði og öldugang var svo ákveðið nú í júlí að hafa skurðinn töluvert lengri en upphaflega var áætlað. Þannig á nú að hafa um 600 metra af lögninni frá landi niðurgrafna. Þessi sjógröftur hefst nú á næstunni. Fyrirtækið Björgun mun koma og sjá um það,“ segir Árni.

Tilbúið í lok næsta árs

Hið nýja frárennislakerfi Orkuveitunnar bæði á Akranesi, í Borgarnesi og á Kjalarnesi á að standa fullbúið í árslok 2016. „Þá verður kerfið gangsett á öllum þessum stöðum. Með því verða fráveitumál á Akranesi sem og á hinum stöðunum tveimur komin í eitt það besta horf sem gerist hér á landi. Við ljúkum störfum hér á Akranesi í haust. Þá mun taka við vinna við lokafrágang á sjálfri hreinsistöðinni sem aðallega felst í því að tengja þann búnað sem á að vera í henni. Hún er fullfrágengin nema þessi búnaður hefur staðið þar inni ótengdur síðan í hrúni. Snemma næsta vor munum við sem störfum hér á Akranesi í sumar flytja okkur um set í Borgarnes til að vinna sams konar verk þar. Það er að setja niður þrýstitank og ganga frá sjólögninni. Við erum hins vegar búnir á Kjalarnesi. Þar er búið að ganga frá sjólögninni en eftir er að ljúka við sjálfa hreinsistöðina eins og hér á Akranesi og í Borgarnesi reyndar einnig. Þetta á allt að verða tilbúið samtímis. Hreinsunarstöðvarnar starfa þannig að þurrefni og drasl í skólpinu er hreinsað úr því og fer til urðunar. Það sem kemur úr sjólögninni og endar í hafinu verður nánast vökvi,“ segir Árni Geir Sveinsson. mfb



Starfsmenn Köfunarþjónustunnar vinna við að festa klossana á lögnina.



Á dögunum vann efnisflutningaskipið Pétur mikli að því að sturta malarefni í sjóinn á hluta svæðisins sem sjólögnin á að liggja um. Það var hugsað sem undirlag fyrir leiðsluna á kaffla þar sem hún þarf að liggja yfir klettahrygg neðansjárvar.



Þessi bátur heitir Ístak og liggur nú í Akraneshöfn. Hann er í eigu verktakafyrirtækisins með sama nafni og búinn fullkomnum staðsetningarbúnaði. Mikillar nákvæmni í staðsetningum er þörf þegar sjólögnin er lögð á hafsbotninn og þar gegnir þessi bátur lykilhlutverki.